

Viðtakandi: Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Sendandi: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Dagsetning: 19. október 2009

Efni: Minnisblað vegna III. kafla matvælafrumvarps¹ um breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. desember 2009 skv. 79. gr. frumvarpsins. III. kafli frumvarpsins tekur þá gildi 1. ágúst 2011.

1. Aðskilnaður opinberra eftirlitsstarfa og almennrar dýralæknaþjónustu
2. mgr. 37. gr. frumvarpsins

Héraðdýralæknar

Í frumvarpinu er lagt til að skilið verði að fullu á milli opinbers eftirlits héraðsdýralækna annars vegar og almennrar klínískrar þjónustu héraðsdýralækna hins vegar. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins er breyting á 2. mgr. 11. gr. laga nr. 66/1998 en þar segir “Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum.....”

Héraðsdýralæknar eru nú 15 í 14 umdæmum. Með lögum nr. 173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga) var héraðsdýralæknum fækkað um einn, úr 16 í 15, þegar ekki var lengur skylda að ráða tvo héraðsdýralækna í Þingeyjarumdæmi.²

Með upptöku matvælaöggjafar ESB mun Íslandi verða skylt að innleiða í íslenska löggjöf reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar. Í reglugerðinni er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru til opinbers eftirlits með fóðri, matvörum og dýraheilbrigði. Samkvæmt reglugerðinni er aðildarríkjunum gert skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar í störfum þeirra er sinna opinberu eftirliti, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Í reglugerðinni segir “*Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess: b) að hagsmunir starfsfólksins, sem sinnir opinberu eftirliti, stangist ekki á við störf þess.*”

Þessi breyting á við um héraðsdýralæknana sem nú eru staðsettir í Borgarnesi, Stykkishólmi, Búðardal, á Ísafirði, Hvammstanga, Blönduósi, Húsavík, Egilsstöðum, Breiðdalsvík, Höfn og á Kirkjubæjarklaustri.

Héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi sinna eingöngu eftirlitsstörfum, skv. núverandi lögum. Vegna stjórnsýslu-og samkeppnislaga³ var á þeim tíma talið brýnt að skilja að, eins og aðstæður

¹ Sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi, þingskjal 17 – 17. mál.

² Héraðsdýralæknar eru skv. núverandi lögum 15 í 14.5. stöðugildum hjá Matvælastofnun.

³ Samkeppnissjónarmið mæla jafnframt með því að skilja á milli opinbers eftirlits og almennrar

leyfðu, eftirlits- og dýralæknisþjónustu sama aðila. Það var ekki talið samrýmast góðri stjórnsýslu að sami aðili gæfi út starfsleyfi og hefði jafnframt tekjur af þjónustu við hina leyfisskyldu starfsemi. Af þessum sökum var lögfest að héraðsdýralæknar í þessum þremur stærstu umdæmunum, þ.e. í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmunum, sinntu eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum umdæmunum mættu hins vegar sinna almennum dýralækningum auk eftirlitsstarfa. Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir að það sama gildi um öll umdæmi, þ.e. að héraðsdýralæknir sinni eingöngu opinberu eftirliti.

Til að koma til móts við gagnrýnisráddir sem hafa talið ofangreinda breytingu stofna heilbrigði eða velferð dýra í hættu gerir frumvarpið ráð fyrir eftirfarandi :

A. Eftirlitsdýralæknar

Samkvæmt frumvarpinu er eftirlitsdýralæknum öðrum en héraðsdýralæknum, sem starfa hjá Matvælastofnun og vinna í umdæmunum héraðsdýralækna, heimilt að stunda almennar dýralækningar auk opinberra eftirlitsstarfa.

B. Undanþága vegna héraðsdýralækna

Í 41. gr. frumvarpsins, sem er til bráðabirgða, er ráðherra heimilt að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi 1. nóvember 2013.

Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að héraðsdýralæknum sé óheimilt, vegna hagsmunatengsla, að sinna almennri dýralæknaþjónustu í sínu umdæmi. Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir framangreindri heimild. Í fyrsta lagi er það skilyrði að heilbrigði eða velferð dýra sé stefnt í hættu. Í öðru lagi er skilyrðið að dýralæknir fáist ekki til þess að starfa eingöngu við almennar dýralækningar á svæðinu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að heimild ráðherra verði tímabundin þar til viðeigandi lausn fæst. Það gefur augaleið að heimild ráðherra tekur einungis til dreifðari byggða landsins.

C. Dýralæknaþjónusta

Vegna mótvægisáðgerða til að tryggja öllum landsmönnum almenna dýralæknaþjónustu er einnig vísað til 4. tl. í minnisblaði þessu þar sem fjallað er um 39. gr. frumvarpsins.

Breytingar á 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins byggja á b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar EB nr. 882/2004, sem íslensk stjórnvöld verða að framfylgja verði frumvarpið að lögum.

2. Umdæmi héraðsdýralækna – 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að umdæmunum héraðsdýralækna verði fækkað úr 14 í 6, sem leiðir af sér fækkun héraðsdýralækna úr 15 í 6. Matvælastofnun mun, skv. frumvarpinu hafa

dýralæknisþjónustu. Samkvæmt nágildandi skipulagi á verkefnum og umdæmunum héraðsdýralækna eru þeir í mörgum tilfellum að bjóða sömu þjónustu og sjálfstætt starfandi dýralæknar. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi dýralækna þar sem héraðsdýralæknar fá samhliða þjónustugjöldum greidd laun frá hinu opinbera.

umdæmisskrifstofu í hverju umdæmi og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa. Eftirlitsdýralæknar munu einnig starfa í þessum umdæmum og verða ráðnir í fullt starf sem opinberir eftirlitsdýralæknar í hverju umdæmi, en einnig verður til viðbótar heimilt að ráða suma þeirra í hlutastarf sem opinbera eftirlitsaðila undir stjórn og á ábyrgð héraðsdýralækna. Í dag hefur Matvælastofnun m.a. umdæmisskrifstofur á Selfossi, Reykjavík og á Akureyri og þarf síðan að ákveða hvar skrifstofur verða staðsettar þegar skipan umdæma breytist við fækkun úr 14 í 6. Matvælastofnun hefur í dag 7 bústaði til afnota fyrir héraðsdýralækna.

Meðfylgjandi er landakort sem sýna núverandi skiptingu landsins í 14 svæði og fyrirhugaða skiptingu í 6 svæði.

Rökin fyrir fækkun umdæma er sú að í frumvarpinu er lagt til að skilið verði að fullu á milli opinbers eftirlits héraðsdýralækna annars vegar og almennrar klínískrar þjónustu héraðsdýralækna hins vegar. Í nýju skipulagi verður að gæta þess að skipan umdæma héraðsdýralækna verði þannig að þar verði næg verkefni fyrir viðkomandi héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna sem starfa á ábyrgð hans. Gert er ráð fyrir eftirfarandi opinberum eftirlitsverkefnum, en vægi þeirra er mismunandi í hverju umdæmi :

1. Sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötpökkunarstöðvum.
2. Mjólkur-, eggja- og kjötframleiðslu.
3. Svínabúum.
4. Alifuglabúum.
5. Fiskeldisstöðvum.
6. Loðdýrabúum.
7. Garnaveikibólusetningu.
8. Sæðingastöðvum.
9. Einangrunarstöðvum.
10. Kjötmjölsværsmiðjum og myltingarstöðvum.
11. Landamærastöðvar (Keflavík og Seyðisfjörður), s.s. útflutningsskoðun hrossa.

Enn fremur sinni héraðsdýralæknar dýraverndarmálum og framkvæmd sóttvarnaraðgerða vegna smitsjúkdóma.

Jafnframt var gert ráð fyrir að landfræðileg skipting milli umdæma sé eðlileg og hagkvæm og samgöngur góðar.

Breytingar á umdæmum eru eftirfarandi:

1. **Suðvesturumdæmi.** Óbreytt umdæmi frá núgildandi fyrirkomulagi.
2. **Vesturumdæmi.** Þar eru fjögur umdæmi felld saman í eitt. Landfræðileg mörk eru eðlileg og samgöngur góðar nema á Vestfjörðum. Í umdæminu er ekkert sláturhús, talsverður kúabúskapur og sauðfjárrækt, sæðingastöð, einangrunarstöð fyrir frjóegg og bólusett er við garnaveiki í sumum hlutum umdæmisins. Á Vestfjörðum er búskapur frekar dreifður. Þar er sjúkdómastaða góð (ekki riða og ekki garnaveiki) svo að eftirlitsverkefni eru ekki mikil. Verkefni eru fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna í umdæminu.
3. **Norðvesturumdæmi.** Felld eru saman tvö umdæmi miðað við núgildandi fyrirkomulag. Landfræðilega er skiptingin eðlileg, samgöngur góðar. Skilin gagnvart Norðurlandsumdæmi eystra ættu að ráðast af því hvernig samgöngur eru bestar. Í umdæminu eru þrjú stór sauðfjársláturhús þar sem einnig er slátrað stórgripum. Sláturhúsin eru öll með útflutningsleyfi og krefjast stöðugrar viðveru eftirlitsdýralæknis í sauðfjársláturtíð og þegar stórgripum er slátrað. Kúabúskapur er allnokkur og mikill

sauðfjár- og hrossabúskapur. Riðu- og garnaveikisvæði. Þörf er á héraðsdýralækni og eftirlitsdýralæknum.

4. *Norðausturumdæmi*. Tvö umdæmi eru felld saman í eitt miðað við nógildandi kerfi. Fjögur sláturhús, mikill kúabúskapur, sauðfjárrækt, svínarækt og alifuglarækt. Verkefni fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna. Landfræðileg skipting er eðlileg, umdæmið er stórt en samgöngur frekar góðar.

5. *Austurumdæmi*. Þrjú umdæmi felld saman í eitt. Landfræðilega er þetta stórt umdæmi, samgöngur allgóðar, tvö sláturhús, hreindýrakjöts-pökkunarstöð og landamærastöð/ferjuhöfn. Riðu- og garnaveikisvæði. Verkefni fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna.

6. *Suðurumdæmi*. Óbreytt nema Skaftárhreppur fellur undir það. Landfræðilega fellur hann betur að Suðurumdæmi en að Austurumdæmi. Riðu- og garnaveikisvæði að hluta til. Þörf er á héraðsdýralækni og eftirlitsdýralæknum.

Vegna breytinga á umdæmum héraðsdýralækna er gert ráð fyrir að öll núverandi stöðugildi héraðsdýralækna við Matvælastofnun verði lögð niður en þeim sinna 15 dýralæknar í 14.5 stöðugildi í dag. Hins vegar er kveðið á um að starfsmönnum skuli boðin störf hjá Matvælastofnun og að ekki þurfi að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir því að sex dýralæknum verði boðin störf héraðsdýralækna í sex nýjum umdæmum en allt að níu dýralæknum boðin störf eftirlitsdýralækna eða önnur störf hjá Matvælastofnun.

Breyting á umdæmum skv. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins er bein afleiðing af innleiðingu b-liðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004 sem breytir verksviði héraðsdýralækna.

Í breytingum á umdæmum samkvæmt frumvarpinu hefur verið tekið tillit til áorðinna breytinga á skipan sveitarfélaga.

3. Vaktsvæði dýralækna - 38. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 38. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að dýralæknir skuli jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði. Gert er ráð fyrir vöktum frá kl. 17:00 síðdegis til kl. 08:00 að morgni.

Vaktsvæðin eru 13⁴ skv. frumvarpinu og taka til alls landsins. Sjá meðfylgjandi landakort sem sýnir fyrirhugaða skiptingu vaktsvæða skv. frumvarpinu. Samkvæmt núverandi lögum nr. 66/1998 eru vaktsvæðin 15 og taka til alls landsins.

⁴ Vaktsvæði dýralækna skv. frumvarpinu eru sem hér greinir:

1. Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.
3. Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.
4. Dalabyggð og Reykhólahreppur.
5. Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
6. Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.
7. Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.
8. Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að dýralæknir skuli vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði. Þetta er breyting frá núverandi vaktafyrirkomulagi, en nú er á fimm vaktsvæðum 24 tíma vakt þ.e. : 1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi⁵, 2. Skagafirði og Siglufirði, 3. Eyjafirði, Dalvík og Ólafsfirði, 4. Rangarvallasýslu og Mýrdalshreppi og 5. Árnesýslu og Vestmannaeyjabæ, en á öðrum vaktsvæðum er vaktin frá kl. 17:00 síðdegis til kl. 08:00 að morgni. Rökin fyrir 24 tíma vöktum voru þau að á þessum svæðum hafa héraðsdýralæknar ekki haft heimild til að sinna klínískri vinnu og því hafi bakvaktir þurft að vera sólarhringsvaktir. Nú er hins vegar komin öflug dýralæknaþjónusta á vegum einkaaðila á þessum svæðum og því ekki þörf fyrir vakt á dagvinnutíma.

Rétt er að vekja athygli á því að núverandi vaktafyrirkomulag og greiðslur byggist á samningi milli stjórnvalda og Dýralæknafélags Íslands. Fyrirkomulag dagvakta er því ekki lögbundið. Stjórnvöld hafa nú sagt þessum samningi upp frá og með komandi áramótum og er hann því í endurskoðun.

Eftirlitsdýralæknar aðrir en héraðsdýralæknar geta sinnt vaktþjónustu samkvæmt frumvarpinu ásamt sjálfstætt starfandi dýralæknum. Í dag er það þannig að héraðsdýralæknar, sem jafnframt sinna dýralæknaþjónustu, og sjálfstætt starfandi dýralæknar, sinna vöktum.

Ekki er þörf á að breyta núverandi efnisákvæðum laga nr. 66/1998 um vaktsvæði vegna innleiðingar á matvælalöggjöf ESB. Hins vegar tekur breytingin mið af breytingu umdæma skv. ákvæðum 37. gr. frumvarpsins, sem byggð eru á Reglugerð (ESB) No 882/2004. Einnig hefur verið tekið tillit til áorðinna breytinga á skipan sveitarfélaga. Þessu til viðbótar má nefna lið 6. B. vegna sparnaðar.

4. Reglubundin dýralæknaþjónusta og bráðþjónusta - 39. gr. frumvarpsins

Þar sem verið er að stækka opinber eftirlitssvæði þar sem Matvælastofnun hefur umdæmisskrifstofur og héraðsdýralæknum fækkar og stofnunin ákveður staðsetningu héraðsdýralækna og annarra eftirlitsaðila sem þar verða ráðnir til opinberra eftirlitsstarfa og sóttvarna er nauðsynlegt að tryggja almenna dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum landsins með öðrum hætti en verið hefur. Í 39. gr. er því kveðið á um “*hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita*” reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðþjónustu.

Í 13. gr. nógildandi laga sem fjallar um reglubundna þjónustu og bráðþjónustu dýralæknis fjarri aðsetri dýralæknis er einungis getið um “*greiðslu hluta ferðakostnaðar dýralæknis..*” Efnisákvæði 39. gr. frumvarpsins eru því víðtækari en nógildandi lög enda segir í ákvæðinu

9. Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.

10. Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

11. Sveitarfélagið Hornafjörður.

12. Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

13. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ólfus og Vestmannaeyjabær.

⁵ Gullbringu- og Kjósarumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla

hvernig tryggja skuli “starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis”

Markmiðið er að tryggja dýraeigendum um allt land nauðsynlega dýralæknaþjónustu og þar með, m.a. af dýraverndarástæðum, að veik og slösuð dýr fái rétta meðhöndlun eins fljótt og kostur er. Ólíklegt er að dýralæknar fái til starfa þar sem dýrafjöldi er takmarkaður og verkefni við lækningu dýra fremur fá. Til að ná markmiðum greinarinnar um að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu verður að stuðla að því að fyrir hendi verði nauðsynleg starfsaðstaða fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna á Snæfellsnesi, í Dalasýslu, á Vestfjörðum, í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum, í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslum, í Norður- og Suður-Múlasýslum og í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. Jafnframt þarf hið opinbera að greiða einhverja staðaruppbót og/eða kostnað við ferðir dýralækna á þessum stöðum. Að öðrum kosti er ekki tryggt að dýralæknaþjónustan verði nægileg til að tryggja heilbrigði og velferð dýra.

Í frumvarpinu er lagaskylda á ráðherra að setja reglugerð um ofangreint eins og er í núgildandi lögum.

Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu gerir frumvarpið ráð fyrir því að ráðherra skuli hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun. Í núverandi lögum er gert ráð fyrir samráði við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands og Matvælastofnun en ekki Samband íslenskra sveitarfélaga. Lagaskylda um samráð við Samtök íslenskra sveitarfélaga er því nýtt efnisákvæði í lögum ef frumvarpið nær fram að ganga.

5. Sérgreinadýralæknar - 40 gr. frumvarpsins

Í núgildandi lögum kemur fram að ráða skuli sérmenntaða dýralækna, einn á hverju sérsviði sem tilgreind eru í lögnum. Í stað þess að tilgreina á hvaða sérsviði viðkomandi dýralæknar starfa er lagt til í 40 gr. frumvarpsins að Matvælastofnun ráði sérgreinadýralækna og hafi tækifæri tilbreytinga á verkaskiptingu milli þeirra.

Eftir sem áður verða ýmis sérsvið tilgreind í lögnum. Þar er t.d. átt við sérsvið eins og sóttvarnir, dýravelferð og dýrallyf. Starf sóttvarnadýralæknis er afar mikilvægt og má líkja við starf lækna sem sinna sóttvörnum, nema hvað annað starfið varðar sóttvarnir vegna dýra sjúkdóma og hitt sjúkdóma í mönnum. Aðgerðir vegna fuglaflensu, sem eins og mál standa er fyrst og fremst dýrasjúkdómur, skýra betur en margt annað þörfina fyrir þessi störf. Þá eru dýravelferðarmál fjölmörg, geta varðað aðbúnað og velferð búfjár og reynast oft erfið úrlausnar. EES-löggjöf um dýrallyf hefur verið innleidd hér á landi og nú er verið að taka inn í íslenska löggjöf nýjar EES-reglur sem varða skráningu á notkun dýrallyfja í búfjárrækt, eftirlit með notkun þeirra og útskolun áður en kemur til slátrunar eða annarrar nýtingar afurða vegna matvælavinnslu. Ekki hefur verið unnt að sinna þessum málaflokki sem skyldi og nú bætast við aukin verkefni. Úrbætur eru því nauðsynlegar.

6. Sparnaður vegna frumvarps

A. Umdæmi héraðsdýralækna - 37. gr. frumvarpsins

Ekki gert ráð fyrir sérstökum sparnaði í rekstri MAST vegna þessa. Breytingin getur þó haft í för með sér möguleika fyrir MAST til að hagræða í rekstri sínum.

Kostnaðarauki skapast við að byggja upp eigin umdæmisskrifstofur á árinu 2011 við gildistöku þessa hluta laganna en á móti kemur möguleg breyting á núverandi fyrirkomulagi vegna húsnæðis sem héraðsdýralæknar hafa til afnota, en er í eigu ríkisins.

B. Vaktsvæði dýralækna - 38. gr. frumvarpsins

Áætlaður heildarkostnaður vegna bakvakta dýralækna er um 110 mkr. á árinu 2009. Það að leggja niður dagvaktir mun skapa 9,4 mkr. hagræðingu og að fækka vaktsvæðum um 2 talsins, úr 15 í 13, mun skapa 13,4 mkr. hagræðingu miðað við núverandi samning við Dýralæknafélag Íslands eða sem nemur 22,8 mkr. árlegum sparnaði.

C. Reglubundin dýralæknabiðnusta og bráðabiðnusta - 39. gr. frumvarpsins

Það hefur ekki farið fram kostnaðarmat vegna þessa ákvæðis.

D. Sérgreinadýralæknar – 40 gr. frumvarpsins

Þessi grein frumvarpsins hefur ekki fjárhagslega hagræðingu í för með sér.

Umdæmi héraðsdýralækna í dag

Umdæmin eru 14. Þar starfa 15 héraðsdýralæknar og einnig eftirlitsdýralæknar í þremur umdæmum. Allt starfsfólk MAST.



Tillaga um nýskipan: Sex umdæmi

Héraðsdýralæknir og eftirlitsdýralæknar á hverri umdæmisskrifstofu MAST



Vaktsvæði dýralækna samkvæmt frumvarpi



-  Vaktsvæði 1
-  Vaktsvæði 2
-  Vaktsvæði 3
-  Vaktsvæði 4
-  Vaktsvæði 5
-  Vaktsvæði 6
-  Vaktsvæði 7
-  Vaktsvæði 8
-  Vaktsvæði 9
-  Vaktsvæði 10
-  Vaktsvæði 11
-  Vaktsvæði 12
-  Vaktsvæði 13